Námsgrein: Umsjónarkennsla 2. bekkur

Kennarar: Heiða Elín Aðalsteinsdóttir og Laufey Harpa Halldórsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag: Námsgreinarnar íslenska, stærðfræði, náttúru- og samfélagsfræði eru kenndar í samþættum þemaverkefnum í gegnum aðferðir Byrjendalæsis. Mikið er lagt upp úr yndislestri nemenda sem og upplestri í skólanum og heima. Lestur og læsi í víðum skilningi fléttast inn í alla vinnu nemenda. Unnið er markvisst með hópefli og samskipti jafnt og þétt yfir veturinn auk þess að leggja sérstaka áherslu á slíkt í einstökum þemaverkefnum.

Áhersla er lögð á grunnþætti menntunar; læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð, jafnrétti og sköpun. Jákvæður agi litar samvinnu og samskipti nemenda og eru þemaverkefnin stundum ofin saman við bekkjarfundi þar sem ýmislegt tengt til dæmis lýðræði, mannréttindum og jafnrétti er rætt. Unnið er í Litla lesrún og Ritrún 1. Einnig Skrift 1a, 1b og Töluskrift.

Við skil á verkefnum eru aðferðir fjölbreyttar og skapandi og fá verkefni nemenda að njóta sín í námsumhverfinu. Heilbrigði og velferð nemenda er höfð að leiðarljósi í allri vinnu. Í stærðfræði er lögð áhersla á tungumál stærðfræðinnar og samvinnu nemenda við lausn verkefna. Unnið er í Sprota, Stærðfræðispæjurum og Evolytes auk þemaverkefna. Töluvert er unnið með verklega stærðfræði. Aðgengi að viðeigandi námsgögnum er gott og mikið lagt upp úr því að hver og einn finni sínar leiðir til náms.

Í Náttúru og samfélagsfræði munum við notast við bókina Halló heimur 1, með öðru efni frá kennurum.

Námsmat er unnið jafnt og þétt yfir veturinn með fjölbreyttum hætti unnið út frá leiðsagnarnámi.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Lestur og læsi í víðum skilningi fléttast inn í alla vinnu nemenda. Þeir lesa og túlka texta, myndir og tjá sig á fjölbreyttan hátt með aðferðum Byrjendalæsis.
Sjálfbærni	Nemendur læra að bera virðingu fyrir náttúru og samfélagi í nærumhverfi sínu.
Heilbrigði og velferð	Heilbrigði og velferð er höfð að leiðarljósi í daglegu starfi. Nemendur fá tækifæri til hreyfingar, félagslegra samskipta og þjálfast í að hlúa að eigin velferð.

Lýðræði og mannréttindi	Jákvæður agi byggir á virðingu, samvinnu og samræðum. Nemendur fá að taka ákvarðanir saman og læra að allir hafa rétt til þátttöku og virðingar.
Jafnrétti	Allir nemendur hafa jafnan möguleika til náms og þátttöku. Fjölbreytileiki og styrkleikar hvers og eins eru metnir að verðleikum.
Sköpun	Nemendur fá að tjá sig á skapandi hátt í listum, leik og verkefnavinnu. Þeir þjálfa ímyndunarafl og fá að þróa hugmyndir sínar í hvetjandi umhverfi.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Tímabil	**Þema og námsefni**	**Námsgreinar og markmið**
september	**Þema : Sjálfsmyndin og líkaminn** *Byrjendalæsi* *Vertu þú*  Höf: Ingileif Friðriksdóttir og María Rut Kristinsdóttir	**Íslenska** • Skrifar skýrt og læsilega. Ritrún 1 bls. 2 – 15 Litla lesrún kafli Panda
September	**Náttúru- og samfélagsfræði**	*Halló heimur* Kafli 3: Sjálfsmyndin Kafli 9: Mannslíkaminn • Hefur kynnst uppbyggingu mannslíkamans og þekkir helstu líkamsparta. • Hefur fengið fræðslu um fjölbreytileika fólks.


September	**Jákvæður agi**	Bekkjarsáttmáli, störfin í bekknum, tilfinningastjórnun og jákvæð einvera.
September	**Vöndutímar**	Ísbrjótar, Samvinnuleikir og ígrundun : 1. Tarzan, Jane og ljónið, mennskur hnútur, ígrundun; hvernig gekk ofl. 2. Fingur í lófa, hákarlinn í hafinu, ígrundun; hvernig gekk ofl.
September	**Útikennsla**	• Hefur farið í sveppatýnslu og rannsakað sveppir víðsjá • Náttúrubingó með haustþema • Stafirnir í umhverfinu • Hljóðabingó - skynfærin • Safnalæsi - Safnahúsið heimsótt
September 21. Norðurþingsdagur	**Stærðfræði** *Sproti 2a* Kafli 1: Tölurnar 0-20 Kafli 2: Samlagning og frádráttur með tölum upp í 20. *Stærðfræðispæjarar og Evolytes stærðfræðileikur sem uppbótarefni.*	**Stærðfræði** **Tölur** • Snýr tölustöfunum rétt. • Þekkir talnarunur og nágrannatölur. • Getur skrifað tölurnar 0-100. • Getur lesið tölurnar 0-100. • Getur raðað tölum í stærðarröð á bilinu 0-100.
Október 8. viðtalsdagur 9. skipulagsdagur 12. haustfrí 13. haustfrí	**Þema: Tilfinningar** **Byrjendalæsi** *Bók: Litaskrímslið - Læknirinn, sérfræðingur í tilfinningum höf. Anna Llenas*	**Íslenska** • nýtt lágstafi, bil á milli orða og punkt í lok málsgreinar • nýtt hjálparlínur til stuðnings í skrift • bætt nýjum orðum í orðaforða sinn í hverri viku


	 Litla lesrún kafli þrívíð form Ritrún 1 bls. 20 - 23	
Október	**Stærðfræði** **Rúmfræði, - form** *Sproti 2b* Kafli 3: Tölfræði *Stærðfræðispæjarar 1* Kafli *Stærðfræðispæjarar og Evolytes stærðfræðileikur sem uppbótarefni.*	**Stærðfræði** • Geta safnað gögnum og flokkað þau í viðeigandi flokka. • Geta sýnt niðurstöður gagna í súluritum og lesið úr töflum og einföldum súluritum
Október	**Vöndu tímar og leiðsagnarnám**	Leiðsagnarnám áhersla á samskipti og samræður. Umræður; 3 í hóp þar sem tilfinningarnar eru ræddar og hvernig við getum fundið leið til að vinna úr þeim. **Vöndutímar: Ísbrjótur, Samvinnuleikir, Ígrundun:** 1. Hver stal kökunni úr krúsinni í gær, Yfir ána, ígrundun; hvernig gekk ofl. 2. Hvað eigum við sameiginlegt, Heiti stólinn, Ígrundun ; hvernig gekk ofl. 3. Morðingi, Bak í bak, Ígrundun ; hvernig gekk ofl. 4. Fram fram fylking, Kóngulóavefurinn, Ígrundun ; hvernig gekk ofl.


Október	**Jákvæður agi**	Að nemandi þjálfist í að setja sig í spor annarra og skilji ólíkar tilfinningar. • Tilfinningahjólið • Samskiptafærni • Það pirrar mig ...ég vildi óska • Ég - boð
Október	**Náttúru- og samfélagsgreinar**	Halló heimur kafli 2 – Ljós og skuggar : hvers vegna við sjáum við liti, hvernig skuggar breytast og hvernig speglar virka. Hefur búið til skuggamyndir og fylla inn í orðaskugga.
Október	**Útikennsla**	• Hefur farið að skoða báta og lært um þá bæði niðri á bryggju • Hefur gert tilraunir á Búðaránni með báta • Hefur unnið með ljós og skugga í náttúrunni • Hefur farið og talið bíltegundir í tengslum við stærðfræði
Nóvember 9. -13. Nóvember	**Þemavika: Barnasáttmáli og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna**	Markmið 2 – ekkert hungur Markmið 6 – Hreint vatn og hreinlætisaðstaða Markmið 12 - Ábyrg neysla og framleiðsla 
Nóvember	**Jákvæður agi**	• Þjálfast í að nota virka hlustun. • Sýnir tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. • Sýnir tillitssemi og umhyggju í leik og starfi • Hlustun 1 – virk og óvirk hlustun • Hlustun 2 – virk og óvirk hlustun í hóp

		• Gagnkvæm virðing - jarðvegurinn undirbúinn • Kalli Krumpaði • Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum
Nóvember	**Vöndutímar og leiðsagnarnám**	**Vanda: Ísbrjótar, samvinnuleikir, ígrundun:** 1. Samúræinn, Umræða: Góður bekkjarfélagi, Samvinnuleikur: Halla sér fram og aftur (e. Lean back and forward), Ígrundun ; T hvernig gekk, hvernig get ég verið góður bekkjarfélagi ? ofl. 2. Sjóræningjaleikurinn, pokasaga, Ígrundun ; hvernig gekk ofl. 3. Húllahringur í hring, músasprengjuskógur, Ígrundun ; hvernig gekk ofl. 4. Hókí pókí ,Rúsínan (núvitundarleikur), Ígrundun ; hvernig gekk ofl. 5. Höfuð, herðar, hné og tær, Köngulóarleikurinn, Ígrundun ; hvernig gekk ofl. **Leiðsagnarnáms** áherslan er á samvinnu námsfélaga og markvissa notkun spurning og samræðna í námi. Setningakveikjur og samræðustofnar.
Nóvember	**Byrjendalæsi : Fjallaverkefni** ***Komdu og skoðaðu fjöllin***	**Íslenska** • Að nemendur fái frekari æfingu í sjálfstæðum lestri og leitarlestri. • Að nemendur bæti við orðaforða sinn t. d. með leit að orðum sem hafa ákv. hljóðasambönd með umræðum um orð og notkun þeirra.


	 *Fjölbreytt efni um íslensk fjöll, af vef og úr bókum* Litla lesrún kafli Silja og Lilja Ritrún 1 bls. 16 – 20	• Að nemendur æfist í að vinna með samsett orð: taka þau í sundur og búa til ný. • Að nemendur fái frekari æfingu í réttritun og æfi sig á beitingu hástafa í upphafi sérnafna. • Að nemendur æfist í gerð hugtakakorta og að nota þau í sögugerð.
Nóvember	**Náttúru- og samfélagsgreinar** - Komdu og skoðaðu fjöllin - Halló heimur kafli 5 - Umferðin	• Hefur kynnst þekktustu fjöllum á Íslandi og unnið með þau. • Hefur fengið fræðslu um náttúruhamfarir sem búast má við á Íslandi.
Nóvember	**Útikennsla**	• Hefur labbað upp í Húsavíkurfjall • Hefur labbað upp í skógrækt, hefur kveikt eld og farið í leiki • Hefur farið í vasaljósagöngutúr, séð skóginn í öðru ljósi • Hefur unnið verkefni tengd umferðarlæsi
Nóvember	**Stærðfræði** *Sporti 2a* *Kafli 4 - mælingar* *Kafli 5 - Tölur upp í 100*	**Stærðfræði** - geta borið saman lengdir og flatarmál - bæði með ágiskun og mælingu - Vinnur með öðrum. - Nýtir sér viðeigandi hjálpargögn. - Getur lagt saman tveggja stafa tölur.

	Stærðfræðispæjarar og Evolytes stærðfræðileikur sem uppbótarefni.	- Getur fundið týndan þátt í samlagningu. - Þekkir hugtökin eining, tugur og hundrað og getur unnið með þau. - Getur dregið frá tveggja stafa tölur. - Getur talið fram og aftur 0-100. - Getur talið frá mismunandi upphafi
Desember 4. verkstæðisdagur 18. litlu jólin	**Jólin** **Byrjendalæsi : Rauð viðvörun e.** Sigrúnu Eldjárn  Litla lesrún kafli Ofurhetjur *Ritrún klára*	**Íslenska** • Getur unnið með stafrófsröð. • Þekkir rím og getur notað það í leikjum. • Getur unnið með samsett orð
Desember	**Jákvæður agi**	Að efla samvinnu - Markmið að ræða hvernig við bregðumst við og/eða notum vald í samskiptum. Að hjálpa nemendum að skilja að samvinna borgar sig. - Að kanna vald - Að joggla saman
Desember	**Útikennsla**	Hefur farið í jólasveinaratleik og kynnst þar með ljóðum Jóhannesar úr Kötlum um jólasveinana.

Desember	**Náttúru- og samfélagsgreinar**	Hefur kynnst merkingu og siðum aðventunnar. Efni af jólavef MMS t.d. jólasaga frá Úkraínu, Gull, reykelsi, Mirra, Vitringarnir fá Austurlöndum og Aðventukransinn.
Desember	**Vöndu tímar og leiðsagnarnám**	**Vöndutímar : Ísbrjótar, samvinnuleikir og ígrundun** 1. Ávaxtakarfan, Ormurinn, Ígrundun ; hvernig gekk ofl. 2. Kisugrey, Frost og sól, Ígrundun ; hvernig gekk ofl.
Desember	**Stærðfræði – upprifjun og klára** Jólasveinastærðfræði í Einingu - ljósrit bls. 19 – 31 *Stærðfræðispæjarar og Evolytes stærðfræðileikur sem uppbótarefni.*	• Upprifjun • Klára kafla 1 – 5
Janúar 4. skipulagsdagur	**Byrjendalæsi : Torf grjót, burnirót** Höf: Sigrún Eldjárn  Ritrún 1 bls. 24 - 27 Litla lesrún kafli Snigill snúður	**Íslenska** • Skrifar skýrt og læsilega. • Notar bil á milli orða. • Getur fylgst með umræðum og tekið þátt í þeim.

Janúar	**Útikennsla**	• Hefur kynnst Safnahúsinu og skoða muni frá samfélaginu fyrr á öldum. • Hefur farið út og búið til snjóluktir líkt og börn gerðu fyrr á öldum. • Hefur kynnst gönguskíðum • Hefur farið út í öllum veðrum og fundið sér leik • Hefur farið í vetrarbingó
Janúar	**Náttúru- og samfélagsgreinar** Bókin Litlu landnemarnir höf. Sigrún Eldjárn  Halló heimur kafli 6 - umhverfið okkar	• Hefur kynnst gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú
Janúar	**Stærðfræði** *Sproti 2b* Kafli 6 : Samlagning og frádráttur Kafli 8: Tvöfalt meira og helmingi minna – sléttar tölur og oddatölur	**Fjölbreytt stærðfræði** Fjallað er um samlagningu og frádrátt með eins stafs og tveggja stafa tölum. Í tengslum við þessar aðgerðir er áhersla lögð á að nemendur skipti tölum í tugi og einingar. Sjónum er einkum beint að óformlegum reikningsaðferðum. Nemendur fá

	Stærðfræðispæjarar og Evolytes stærðfræðileikur sem uppbótarefni.	ábendingar um aðferðir til að skrá útreikninga en ekki er um að ræða reikningsaðferðir sem þeir þurfa að læra. Frekar er skráningunni ætlað að styðja við hugareikning nemenda. Eftir því sem þeir öðlast meiri staðreyndaþekkingu og betri reikningsfærni mun draga úr þörfinni á skriflegum útreikningum sem þessum. Í kafla 8 þjálfast nemendur í að þekkja tvívíðar samhverfar myndir og tilgreina spegilásinn. Þar að auki læra þeir að búa til samhverf mynstur.
Janúar	**Vöndutímar og leiðsaganarnám**	**Ísbrjótur, samvinnuleikir og ígrundun** • Bimbi- rimbi- rimm- bamm, koma húllahringnum hringinn, ígrundun ; hvernig gekk ofl. • Fuglafit, Jarðsprengur, Ígrundun ; hvernig gekk ofl. • Tarzan, Jane og ljónið, mottan, ígrundun; hvernig gekk ofl. • 10 hlutir sameiginlegir, að byggja vin, ígrundun : hvernig gekk ofl. • 3 hringir, leystum málin, ígrundun: hvernig gekk ofl.
Janúar	**Jákvæður agi**	Að efla samvinnu - Markmið að ræða hvernig við bregðumst við og/eða notum vald í samskiptum. Að hjálpa nemendum að skilja að samvinna borgar sig. - Æfing með reipi


		- Boltinn látinn ganga - Að komast yfir landamæri - Sjómaður
Febrúar 8. Bolludagur 9. Sprengidagur 10. Öskudagur 11. viðtalsdagur 12. skipulagsdagur 15. vetrarfrí 16. vetrarfrí	**Jákvæður agi**	**Mistök og hvernig við leiðréttum þau.** Að aðstoða nemendur við að sjá mistök sem tækifæri til að læra í stað fyrir að þau séu slæm eða óviðeigandi. Átta sig á að það að gera mistök er annað en að "vera mistök" eða að vera misheppnuð. - Mistök: að gera eða vera – fyrir yngri nemendur - Mistök og viðbrögðin við þeim - Lærum af mistökum : V – A – L
Febrúar	**Vöndutímar og leiðsagnarnám**	**Ísbrjótur, samvinnuleikir og ígrundun** • Fram fram fylking, Hendurnar, Ígrundun; hvernig gekk • Stólaleikurinn, Vinur óskast, Ígrundun; hvernig gekk • Fingur í lófa, Eyðieyjan, Ígrundun; hvað gekk ofl. • Blindur kassi, Lost, ígrundun; hvað gekk vel ofl.
Febrúar	**Náttúru og samfélagsgreinar**	• Halló heimur kafli 1 - árstíðirnar
Febrúar	***Byrjendalæsi :*** *Blómin á þakinu höf. Ingibjörg Sigurðardóttir* 	**Íslenska** • Getur unnið með samheiti og andheiti. • Getur unnið með nafnorð. • Getur unnið með b, d, og p orð .

	Ritrún 1 bls. 20 - 23 *Litla lesrún kafli Ormur ofurhetja*	
Febrúar	**Stærðfræði** **Reikningur 2** *Sproti 2b* Kafli 9: Tvöfalt meira og helmingi minna – sléttar tölur og oddatölur *Stærðfræðispæjarar og Evolytes stærðfræðileikur sem uppbótarefni.*	**Stærðfræði** Í kafla 9 þjálfast nemendur í að tvöfalda og helminga. Þetta er gert í tengslum við fjölda, lengdir og peningaupphæðir. Að tvöfalda og einkum að helminga – er einnig tengt samhverfu og byggist á fyrri kafla. Markmiðið með vinnu þessa kafla er að nemendur þrói með sér ákveðna staðreyndaþekkingu um tvöföldun þannig að þeir viti t.d. að talan 12 er tvöfalt stærri en 6. Auk þess er markmiðið að þeir geti notað staðreyndaþekkingu sína og þróað skilvirkar reikningsaðferðir til að tvöfalda stærri tölur. Í síðari hluta kaflans þróa nemendur enn frekar talnaskilning sinn og læra um sléttar tölur og oddatölur. Meðal annars hoppa þeir tvö skref í hverju hoppi á talnalínu og kanna hvort hægt er að skipta mismunandi söfnum í tvo jafn stóra hluta.
Febrúar - Mars	**Byrjendalæsi** ***Tóta og tíminn*** Höf: Bergljót Arnalds.	**Íslenska** • Að nemendur læri á klukku, • Að nemendur temji sér að nota tímahugtök eins og klukkustund, korter, hálftími, stundarfjórðungur, hádegi, miðnætti o.s.frv. • Að nemendur auki við orðaforða sinn • Að nemendur æfi sig í skrift. Notuð tímahugtök





	 Ritrún 2 Litla lesrún kafli Fötin okkar	• Að nemendur þjálfi sig í lestri með því að lesa söguna eða valdar blaðsíður úr sögunni • Að nemendur læri reglurnar um **ð** og **þ** • Að nemendur læri vinnubrögð gagnvirks lesturs og fái þjálfun í gagnvirkum lestri • Að nemendur búi til söguveg/tímalínu sem lýsir einum degi í lífi þeirra
Febrúar -Mars	**Tíminn** *Sproti 2a* Kafli 7: Tíminn *Stærðfræðispæjarar og Evolytes stærðfræðileikur sem uppbótarefni.*	**Stærðfræði** • Þekkir heilu tímana á skífuklukku. • Þekkir hálfu tímana á skífuklukku. • Þekkir árstíðirnar. • Þekkir mánuðina og röð þeirra. • Þekkir vikudagana og röð þeirra. • Getur skráð í og lesið úr súluritum.
Mars 16.-18. skólasamkoma 19. páskaleyfi hefst	**Jákvæður agi**	- Að biðjast fyrirgefningar: hvernig ? - Að taka við afsökunarbeiðni - Að biðja um leiðréttingu **Hvatning** Markmið er að þjálfa nemendur í að hvetja aðra og þiggja hvatningu. - Hvatning - æfingar **Að virða fjölbreytileikann**

		Markmið er að nemendur upplifa að við erum öll ólík. Nemendur sjái að fjölbreytileikinn er styrkur sem við getum fagnað og notfært okkur. - Öll dýrin í skóginum
Mars	**Náttúru- og samfélagsgreinar** Halló heimur Kafli 7: Trú Páskavefur MMS	**Náttúru- og samfélagsgreinar** • Hefur kynnst atburðum dymbilviku og páska. • Hefur kynnst sögunni um krossfestingu og upprisu Jesú. • Hefur kynnst ólíkum siðum og venjum trúarbragðanna.
Mars	**Útikennsla**	• Hefur kynnst skóginum og kveikt eld • Hefur farið og veitt síli • Hefur farið út og lært nýjan leik • Hefur farið í Holt • Hefur farið út í búð að versla - fjármálalæsi
Mars	**Stærðfræði** **Mælingar** *Sproti 2b* Kafli 10: Reikningur með tölum upp í 100 Kafli 11 : Flatarmál *Stærðfræðispæjarar og Evolytes stærðfræðileikur sem uppbótarefni.*	**Stærðfræði** Í þessum kafla eru tölurnar upp í 100 rifjaðar upp áður en teknar eru fyrir tvær ólíkar aðferðir í samlagningu og frádrætti tveggja stafa talna: – Hin línulega aðferð við að reikna á kúlnabandi og á tómri talnalínu. Tilgangurinn með þessari aðferð er að þróa talnaskilning nemenda og hæfni þeirra til að reikna í huganum. – Aðferðin að skipta tölum í tugi

		og einingar. Peningar eru aðalhjálpartækin til að gera verkefnin áþreifanleg. Þessi aðferð leggur grunn bæði að skriflegum útreikningum og hugareikningi. Jafnframt því sem nemendur leggja saman og draga frá með stærri tölum er mikilvægt að þeir þrói með sér og festi í sessi staðreyndaþekkingu og reikningsfærni í tengslum við minni tölur, t.d. á talnasviðinu 0–20 <u>Kafli 11 - Flatarmál</u> Nemendur læra að bera saman stærð flata, einkum með því að mæla þá með óstöðluðum mælieiningum. Þeir læra að tákna stærðina með mælitölum og mælieiningum eins og t.d. „20 reitir“. Þeir læra einnig að fletir geta haft sama flatarmál þótt þeir hafi mismunandi lögun.
Mars	**Íslenska** Byrjendalæsi : Sundkýrin Sæunn höf. Eyþór Jóvinsson og Freydís Kristjánsdóttur	• Getur fylgst með umræðum og tekið þátt í þeim. • Getur unnið með samheiti og andheiti.

	 Litla lesrún kafli Ritrún	
Apríl 22. sumardagurinn fyrsti	**Þema :** *Heimabyggðin okkar frá landnámi* *Byrjendalæsi : Komdu og skoðaðu landnámið* 	**Íslenska** • Getur unnið með sagnorð. • Getur unnið með samsett orð. **Litla lesrún** **Ritrún**
April	**Jákvæður agi**	**Upplifðu muninn** Markmið að þátttakendur skilji að við upplifum og skiljum hlutina á mismunandi hátt. -Þú ákveður ofl.

Apríl	**Útikennsla**	• Hefur farið í gönguferðir um bæinn og skoðar gömul hús í bænum • Hefur farið í Húsavíkurkirkju í tengslum við Landnámið • Hefur farið í fjöruferð og flóinn skoðaður frá öðru sjónarhorni • Hefur sett upp skordýragildrur og skordýr skoðuð í víðsjá
Apríl	**Vöndutímar og leiðsagnarnám**	• Morðingi, Ég í framtíðinni, Ígrundun; hvernig gekk? • Fuglafit, Hvað veistu eða hvað hefur þú heyrt? , ígrundun: Hvernig gekk ? • Bimbambirbiribam, Að koma auga á jákvæðan leiðtoga, Ígrundun; Hvernig gekk ? • Kisu grey, Að koma auga á jákvæða og neikvæða leiðtogahegðun í bekknum, Ígrundun; hvernig gekk ?
Apríl - Maí	**Náttúru- og samfélagsgreinar** Komdu og skoðaðu landnámið Bækur: Humlur *Köngulær*	• Hefur kynnst sögu heimabyggðar frá landnámi. • Hefur kynnst þróun byggðar frá landnámi. • Hefur kynnst landnotkun í heimabyggð og þróun hennar frá upphafi. • Hefur sett upp skordýragildrur og skordýr skoðuð í víðsjá

	 Áðanmaðkar  	
Maí 6. uppst.dagur 7. skipulagsdagur 17. Annar í Hvítasunnu	**Náttúran okkar – lífverur** **Halló heimur kafli 4 -** húsdýr og gæludýr	**Náttúru- og samfélagsgreinar** • Hefur kynnst lífverum í náttúrulegu umhverfi. • Hefur kynnst einkennum lifandi vera. • Hefur kynnst algengustu lífverum í nánasta umhverfi • sínu. • Hefur kynnst fæðukeðjum.
Maí	**Vöndutímar**	Útileikir
Maí	**Íslenska** **Byrjendalæsi : Köngulær** 	Litla lesrún : klára það sem eftir er Ritrún bls. 28 – 31 Dýrin • Getur raðað orðum í stafrófsröð. • Skrifar skýrt og læsilega.

Maí	**Útikennsla**	• Hefur farið út og safna lífverum og skoða í víðsjá • Hefur undirbúið gróðursetningu matjurta • Hefur undirbúið umpottun á inniblómum • Hefur farið í heimsókn í sauðburð • Hefur farið á sílaveiðar
Maí	**Tölfræði og hnitakerfi** *Sproti 2b* Kafli 12 – Reikningur	**Stærðfræði** • Í þessum kafla kynnast nemendur betur tölunum upp í 100, sérstaklega með hliðsjón af skiptingu talna eftir sætum í tugi og einingar. Þeir ná tökum á og læra að nota ýmsar aðferðir til að leysa samlagningar og frádráttardæmi á áðurnefndu talnasviði. Þeir fást við orðadæmi og komast að raun um hvernig reikningur birtist í daglegu lífi.
Júní	**Allar námgreinar**	**Efni klárað. Útivera.**
Allt skólaárið	**Skimanir** • Lesfimi • 20 orðin (stafsetning) • Orðleysulestur og sjónrænn orðaforði (fyrir þá sem þurfa)	**Íslenska** • Getur fylgst með umræðum og tekið þátt í þeim. • Les skýrt og áheyrilega. • Getur valið sér bækur eftir áhuga og skoðað þær eða lesið sér til ánægju og fróðleiks. **Stærðfræði** • Ræðir um stærðfræði og útskýrir lausnaleiðir. • Leysir einföld dæmi með hugarreikningi.
	Enska	**Enska** • Hefur unnið með hugtök tengd líkamanum.

	Efni sem unnið er með er hefti útbúið af kennara með efni frá MMS, leikir, Kahoot, áhorf, hlustun, söngur og fleiri fjölbreytt verkefni.	• Hefur unnið með tölurnar upp í 20, tugi og hundruð. • Hefur unnið með fjölskylduheiti. • Hefur unnið með hugtök um dýr. • Hefur unnið með litina.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Menntun fyrir öll: Að nemendur fái jafnan aðgang að námi og námstækifærum um leið og námsefni er aðlagað að þörfum hvers og eins ef/þegar þurfa þykir.



Aukinn jöfnuður: Fjalla um jöfnuð og fjölbreytileika í þeim textum sem unnið er með í Byrjendalæsi hverju sinni.



Friður og réttlæti: Að vanda sig í samskiptum og bera virðingu fyrir hvert öðru. Tekið sérstaklega fyrir í bekkjarsáttmála.



Heilsa og vellíðan: Að stuðla að vellíðan allra barna inn í kennslurými. Unnið með félagsfærni og nýtt hjálpartæki, svo sem heyrnartól, teygjur og mildari lýsingu þegar hægt er til að tryggja vellíðan nemenda.